

## Skilablað – húsnæðismál umboðsmanns skuldara

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar-eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað.

### 1 Upphaf verkefnis

Í nóvember 2014 barst FSR erindi frá embætti umboðsmanns skuldara (UMS) með beiðni um að gera húsrýmisáætlun og undirbúa stofnunina fyrir útboð vegna nýs húsnæðis. Verkkaupi var UMS. Embættið heyrir undir velferðarráðuneyti.

Verkefnastjóri FSR var Bergljót S. Einarsdóttir.

### 2 Verklýsing

Framkvæmdasýslan aðstoðaði UMS við öflun húsnæðis árið 2010. Var þá gerður leigusamningur til fimm ára með möguleika á framleigu um allt að eitt ár í senn að leigutíma loknum. Ljóst var að leigutími myndi renna út árið 2015/2016. Fyrirhugað verkefni FSR árið 2014 var því að aðstoða við að finna nýtt húsnæði og minna, gera meðal annars þarfagreiningu, húsrýmisáætlun, húslýsingu, auglýsa eftir húsnæði, koma að gerð leigusamnings og hafa eftirlit með framkvæmdum við húsnæði í samræmi við kröfur í húslýsingu.

Athygli var vakin á að hafa skuli samráð við viðkomandi fagráðuneyti og að húsnæðismál ríkisins heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Bókhalds- og greiðslubjónusta var ekki hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Verkbeiðnin er staðfest 20. nóvember 2014 og verkefnið fékk verknúmerið 633 0089.

### 4 Framvinda

Tengiliðir UMS voru Jón Óskar Þórhallsson en þegar hann létt af störfum tók Eygló Kristjánsdóttir við. Unnin voru drög að þarfagreiningu og húsrýmisáætlun. Haldnir voru fimm formlegir fundir með UMS. Í desember 2015 vildi UMS skoða möguleika á að leigja með öðrum stofnunum eða nefndum á vegum velferðarráðuneytis. Var þá verkefninu frestað.

### 5 Kostnaður verksins

Kostnaður við verkefnið voru greiðslur til FSR fyrir umsjón og ráðgjöf 356.271 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Samkvæmt upplýsingum frá UMS gekk embættið frá samningi árið 2016 við núverandi leigusala um minna húsnæði í Kringlunni 1 í Reykjavík til fimm ára, að höfðu samráði við fagráðuneyti, velferðarráðuneyti. FSR hafði enga aðkomu að þeim samningi.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Sjá lið 6 Niðurstaða verkefnis.

### 8 Verklok

Verkefni FSR er lokið með vísan til liðar 6 Niðurstaða verkefnis.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Hafsteinn S. Hafsteinsson, forstjóri, settur



Bergljót S. Einarsdóttir  
Bergljót S. Einarsdóttir verkefnastjóri